	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26/4 2016
Málsnr:	1712008
Bréfal:	101

EFTIRLITSNEFND MEÐ
FJÁRMÁLUM SVEITARFÉLAGA

EFS

Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

Imanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík
Sími 545 9000, netfang: postur@irr.is

Reykjavík 20. apríl 2016
Tilv.: IRR16010135/18.11.3

Efni: Fjárhagsáætlun 2016-2019 og aðlögunaráætlun.


Vísað er til bréfs eftirlitsnefndarinnar frá 28. september sl. og svarbréfs Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 3. febrúar sl. þar sem nefndin leggur fyrir Hafnarfjarðarkaupstað að gera áætlanir sínar í samræmi við gildandi aðlögunaráætlun eða senda nefndinni rökstudda beiðni um að fá heimild til þess að endurskoða áður samþykka aðlögunaráætlun sveitarfélagsins.


Vegna umleitana sveitarfélagsins að endurskoða aðlögunaráætlun sveitarfélagsins fundaði nefndin með forsvarsmönnum sveitarfélagsins þann 26. október sl. Á fundinum var farið yfir helstu forsendur fjárhagsáætlunar árána 2016-2019 vegna áforma um heimild til þess að endurskoða áður samþykka aðlögunaráætlun.

Í bréfi sveitarfélagsins frá 3. febrúar sl. kemur fram að þess sé farið á leit við eftirlitsnefndina að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2016-2019 komi í stað fyrri aðlögunaráætlunar í samræmi við 18. gr. reglugerðar nr. 502/2012. Endurskoðuð aðlögunaráætlun fylgir sem fyrr áformum sveitarfélagsins að skuldaviðmiði sveitarstjórnarlaga verði náð eigi síðar en á árinu 2019.

Það er niðurstaða nefndarinnar að samþykkja óskir sveitarfélagsins og heimila endurskoðun aðlögunaráætlunar sem fjárhagsáætlun 2016-2019. Í greinargerð sveitarfélagsins með fjárhagsáætluninni kemur fram að miðað sé við að ná skuldaviðmiði sveitarstjórnarlaga á árinu 2017.

Fyrir hönd eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga


Þórir Ólafsson
formaður


Eiríkur Benónýsson